



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

ÚTLÁN

Bókasafn Orkustofnunar

SUÐURSTRÖND ÍSLANDS
Breytingar á legu strandar sam-
kvæmt kortum og loftmyndum.

Skúli Víkingsson

Unið fyrir Vegagerð ríkisins

OS-91042/VOD-07 B Nóvember 1991

ORKUSTOFNUN
Bókasafn

ÚTLÁN



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer 795.100
/os/sv/txt/sstr/skyrsla.e 1991-11-14

SUÐURSTRÖND ÍSLANDS
Breytingar á legu strandar sam-
kvæmt kortum og loftmyndum.

Skúli Víkingsson

Unið fyrir Vegagerð ríkisins

OS-91042/VOD-07 B Nóvember 1991

Inngangur

Verk þetta er unnið samkvæmt samningi Orkustofnunar og Vegagerðar ríkisins frá 19. júní 1991.

Mér var falið að gera kort í mælikvarða 1:50000 af Suðurströnd Íslands á grundvelli eldri korta og loftljósmynda, þar sem stöndin frá Ingólfshöfða að Hornafirði væri sýnd fyrir eftirfarandi ár:

1. 1904 Dönsku herforingjaráðskortin
2. 1945 AMS kortin
3. 1960 Loftmyndir AMS
4. 1982 Loftmyndir Landmælinga Íslands

Þetta gekk að mestu eftir, nema myndirnar frá 1960 náðu ekki nema austur að Steinavötnum. Ekki þótti ástæða til að fara að leggja í þann kostnað að kaupa þessar myndir þar sem breyting strandar reyndist afar lítil á þessum hluta strandarinnar samkvæmt öðrum heimildum.


Verklýsing

Strandlínan var færð inn á AMS-kortin með Aero-Sketchmaster, þar sem horft er á mynd og kort í einu. Farvegamyntur o. þ. h. var notað til að fella saman mynd og kort. Vífast gekk að fá nægilega dreifða og góða viðmiðunarpunkta til þess að láta sannfærast um að hægt væri að draga strandlínuna á kortið eftir myndinni, en þar sem það tókst ekki er engin lína færð inn þar.

Strandlínurnar frá 1945, 1960 og 1982 voru síðan hnitaðar af AMS-kortunum. Hnitunum er varpað yfir í Landsnet (hið nýja, Hjörsey 1956) með forriti frá Gunnari Þorbergssyni. Strandlínan 1904 er hnituef af kortum Herforingjaráðsins danska. Hnit hornpunkta þeirra í landskerfi eru fengin frá Gunnari.


Fyrir nokkurum árum gerði ég strandkort af þessu tagi og birti hluta þeirra.¹⁾ En mér fannst tryggast að vinna þetta alveg að nýju, enda ekki um aðra leið að ræða til að reyna gæði umræddra korta. Útkoman nú var mjög svipuð og þá og bendir það til að eitthvað geti verið að marka þennan samanburð.

1 Skúli Víkingsson 1986: *South Coast of Iceland. Beach Material and Coastal Changes*. Iceland Coastal River Symposium, Reykjavík 2.-4. Sept. 1985. Proc.: 231-243.



Á þessu korti er sýnd þekja meðfylgjandi korta (1—3). Þau eru teiknuð í einu eintaki í mismunandi litum og mælikvarða 1:50000. Inn í texta skýrslunnar eru felld kort með sömu þekju en í minni mælikvarða og með færri atriðum. Blaðskipting AMS-kortanna er sýnd á kortinu hér fyrir ofan og á stóru kortunum. Hnitatölur eru í Lambert.

Strandbreytingar á korti 1




Strandbreytingar á svæðinu frá Ingólfshöfða að Breiðamerkursandi. Heil lína sýnir ströndina 1982. Ströndin 1945 er sýnd með smáslitinni línu, en 1904 með grófslitinni. Ströndin 1960 er ekki sýnd.

Mestu breytingar á ströndinni eru að sjálfsögðu hið alkunna sjávarrof við Breiðamerkursand. Á kortunum má sjá hvernig ströndin þar hefur eyðt jafnt og þétt. Þetta rof deyr út um 4 til 5 km vestan við ós Jökulsár. Þar hefur ströndin byggzt nokkuð út, en þess er að geta að á þessum kafla og að Kvíaá (fellur úr Kvíárjökli, sem er tota sú úr Örafajökli sem lengst nær til suðausturs) er AMS-kortið ekki hæft til að segja til um þetta með þeirri nákvæmni sem til þarf. Það eru of fáir viðmiðunarpunktar til þess.

Milli Kvíár og Ingólfshöfða er hins vegar ótvírætt uppbyggingarsvæði. Þar er bugur á ströndinni sem hefur verið að fyllast og jafnast út a.m.k. frá aldamótum.


Strandbreytingar á korti 2



Strandbreytingar á svæðinu frá Breiðamerkursandi að Suðurfjörum. Heil lína sýnir ströndina 1982. Ströndin 1945 er sýnd með smáslitinni línu, en 1904 með grófslitinni. Ströndin 1960 er ekki sýnd.

Vestast er Breiðamerkursandur. Jökulsárlón er sýnt skv. nýju korti Vegagerðarinnar (1989). Jökulröndin er (eins og á hinum kortunum) sýnd skv. AMS-kortunum frá 1945. Breytingar eru afar litlar þegar kemur 3 til 4 km austur fyrir ós Jökulsár og allt austur að Þrándarholti, en svo heitir bergkollur úti í fjöru rétt austan Steinavatna. Holtið myndar dálftið brot á ströndinni á kortblaðinu 6119 III. Þar fyrir austan virðist svo sem nokkuð hafi fyllzt í buga og hvergi verður vart rofs.

Strandbreytingar á korti 3



Strandbreytingar á Suðurfjörum, Hornafjarðarósi og Austurfjörum. Heil lína sýnir ströndina 1982. Ströndin 1945 er sýnd með smáslitinni línu, en 1904 með grófslitinni. Ströndin 1960 er ekki sýnd.

Vestast á kortinu er nes sem heitir Skinneyjarhöfði. Nokkuð hefur fyllzt í buginn austan hans. Fjaran næst Hornafjarðarósi, Suðurfjörutangi, virðist hefa eyðzt nokkuð á tímabilinu 1945 til 1982. Það kemur heim við að fyrir skemmstu rauf sjórinn tangann í sundur rétt innan við Hvanney.

Austan Hornafjarðaróss hefur Austurfjörutangi færzt út á tímabilinu 1945 til 1982. Breytingarnar eru ekki nógu miklar til að hægt sé að segja nokkuð um tímanna 1904 til 1945. Loftmyndum og AMS-kortinu ber mjög vel saman á þessum stað og fjöldi viðmiðunarpunkta fellur »eins og flís við rass«. Á myndum frá 1974 af Hornafjarðarósi sést þessi breyting líka og þar er hún komin heldur skemmra en á myndunum frá 1982.